

Þriðjudaginn 12. maí 2020 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2020

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 11.2.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para A við B án þess að vera með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 12.2.2020 og henni gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði ekki innan andmælatíma og ítrekunarbréf var sent. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber enn fremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufars-skoðun.

Í málinu liggur fyrir að þegar pörun fór fram lágu nauðsynlege heilsufarsvottorð fyrir tegundina ekki fyrir. Hefur kærða því gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir